

Ed.

37. Tillaga

til þingsályktunar um skipun viðskiftanefndar.

Flutningsmenn: Halldór Steinsson, Hjörtur Snorrason,
Sigurður Jónsson og Björn Kristjánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka, íhuga og gera tillögur um ýms viðskiftamál landsins.

Ástæður.

Þar sem viðskifti vor, sjerstaklega viðskifti við útlönd, eru enn í mjög slæmu horfi, teljum vjer að það sje hlutverk þingsins að gera tilraun til endurbóta í þessu efni.